

FUNDARBOÐ

47. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs verður haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 29. september 2016 og hefst kl. 11:00.

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Guðrún Inga Bjarnadóttir, Helga Árnadóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

1. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð
2. Samningar við rekstraraðila
3. Þyrluflug
4. Önnur mál

1. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð

Farið yfir lög sem samþykkt voru á alþingi 8. september 2016.

2. Samningar við rekstraraðila

Þjóðgarðsverði í Skaftafelli og formanni svæðisráðs hafa borist umsóknir frá rekstraraðilum afþreyingarferðaþjónustu um samning vegna starfssemi í Vatnajökulsþjóðgarði. Samkvæmt nýjum lögum um þjóðgarðinn þurfa allir þeir sem hyggjast stunda atvinnustarfsemi innan garðsins að hafa samning við Vatnajökulsþjóðgarð um starfssemina. Umræður urðu um skilyrði sem rekstraraðilar þyrftu að uppfylla til að geta gert samning við þjóðgarðinn. Svæðisráðið tók saman punkta eftir umræðuna sem sendir verða til stjórnar sem innlegg í vinnuna.

3. Þyrluflug

Umræða varð um aukna þyrluumferð og hljóðmengun við fjölfarna ferðamannastaði. Svæðisráð telur að móta þurfi stefnu um hvar þessi ferðaþjónusta eigi að vera til að upplifun allra af þjóðgarðinum verði sem mest og best. Svæðisráð telur að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs eigi að óska eftir viðræðum við Ísavía um reglur varðandi þessa flugumferð.

4. Önnur mál

Helga ræddi um fyrirlestur sem haldin var í Nýheimum á vegum Ferðamálastofu um „Destination management plan“ Stefnumarkandi stjórnunaráætlun. Taldi Helga að þjóðgarðurinn þyrfti að taka þátt í þessari vinnu.

Fundi slitið kl 15:45

Fundarritari Björn Ingi Jónsson.